

Verkefni STJÓRNARFUNDUR VJÞ	Efni fundar <b>96.stjórnarfundur haldinn 12.apríl 2016</b> <b>Í Gljúfrastofu, Ásbyrgi</b>	Síða 1 af 2
Dags. fundar 12.apríl 2016	Tími 10:00	Nr. Fundar 96
Fundarboðandi	Fundarritari Ruth Magnúsdóttir	Dags. ritunar 12.04.16
Fundarmenn Ármann Höskuldsson, Björn Ingi Jónsson, Snorri Ingimarsson, Sigmundur Einarsson, Heidi Guðný Ásgeirsdóttir, Ruth Magnúsdóttir, Óli Halldórsson, Guðrún Jónsdóttir, Þórður Ólafsson, framkvæmdastjóri.		
Boðuð forföll: Af aðalmönnum boðuðu forföll: Guðmundur Hörður Guðmundsson		

## Dagskrá:

1. Samþykki dagskrár
2. Fundur með svæðisráði norður og yfirlit starfsmanna um ætlaða starfsemi á norðursvæði á þessu ári.
3. Fundargerðir svæðisráða
4. Lög Vatnajökulsþjóðgarðs
5. Fjármál:
  - Framkvæmdaáætlun 2016
  - Viðbætur við landvörslu 2016
6. Starfsmannaráðningar - staðfestingar
7. Gestastofa á Kirkjubæjarklaustri
8. Stjórnunar- og verndaráætlun
9. Skipulagsvinna í VJÞ
  - Ásbyrgi- drög að deiliskipulagi \*
10. Önnur mál
  - Ferðafélög- samstarf
  - Jökulsárlón-uppboð
11. Næsti stjórnarfundur
  1. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Dagskrá var lögð fram og ekki komu fram athugasemdir við hana.
  2. Fundur með svæðisráði norður og yfirlit starfsmanna um ætlaða starfsemi á norðursvæði á þessu ári. Ástvaldur Þormóðsson, Grétar Ingvarsson, Arnheiður Jóhannsdóttir og Böðvar Pétursson svæðisráðsmenn sátu fundinn undir þessum lið.  
Guðmundur Ögmundsson nýr þjóðgarðsvörður á norðursvæði fór yfir starfið framundan á svæðinu. Búið er að manna og ganga frá ráðningum fyrir sumarið. Formaður svæðisráðs kynntar stuttlega hugmyndir að samstarfi stofnana, þekkingarsetri, í Mývatnssveit og Skútustaðahrepps. Væntanleg er skýrsla á vegum sveitarfélagsins um hugmyndina. Velt upp hugsanlegri aðild Vatnajökulsþjóðgarðs að því samstarfi í tengslum við framtíðar gestastofu þjóðgarðsins í Mývatnssveit. Formaður svæðisráðs ræddi ráðningar þjóðgarðsvarða á norðursvæði og stöðu þess máls. Formaður svæðisráðs gerði grein fyrir deiliskipulagstillögu fyrir Ásbyrgi sem er til umfjöllunar síðar á fundinum. Hann færði rök fyrir afgreiðslu svæðisráðsins og ræddi kosti þess og galla að leyfa uppbyggingu í tengslum við atvinnustarfsemi inn í þjóðgarðinum. Fulltrúi útivistarsamtaka spurðist fyrir um stöðu mála varðandi fyrirhugaða virkjun við Vaðöldu í tengslum við þjónustu Neyðarlínunnar. Svæðisráð hefur tekið saman umsögn um skipulagstillöguna til sveitarfélagsins.  
Fundarhlé og fundinum haldið áfram á Sölku á Húsavík

## Vatnajökulsþjóðgarður – Fundargerð Stjórnar

### 3. Fundargerðir svæðisráða.

Formaður Suðursvæðis greindi frá umræðu inna suðursvæðis og stöðugri eftirspurn frá ferðapjónustuaðlinum um uppbyggingu á þjónustu á ýmsum stöðum inni í þjóðgarðinum.

### 4. Lög Vatnajökulsþjóðgarðs. Drög að nýjum lögum er í ferli hjá Umhverfisstofnun. Stjórnarmenn óska eftir að fá endanleg drög frá ráðuneytinu til skoðunar. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir þeim frá ráðuneytinu.

### 5. Fjármál: Framkvæmdaáætlun 2016

Framkvæmdastjóri fór yfir framkvæmdaáætlun þjóðgarðsins þar sem tillit hefur verið tekið til úthlutunar úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða 23.mars sl. Jafnframt var farið yfir verkefni sem hlotið hafa styrk frá Vinnum Vatnajökuls. Samtals er gert ráð fyrir framkvæmdum upp á 440 milljónir. Þar ef eru 75 milljónir eyrnamerkta Gestastofu á Kirkjubæjarklaustri. Framlög úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða eru 245,5 milljónir. Framkvæmdastjóra falið að setja inn nánari upplýsingar um heildar kostnaðaráætlun þjóðgarðsins, þann hluta sem áður er lokið á svæðinu og heildarfjárfestingu á hverju svæði.

Viðbætur í landvörslu. Enn er óljóst með viðbætur í landvörslu. Málið er í vinnslu í ráðuneytinu.

### 6. Starfsmannaráðningar - staðfestingar. Stjórn samþykkir tillögu svæðisráðs að ráðningu þjóðgarðsvarða, Ráðning Guðmundar Ögmundssonar sem þjóðgarðsvarðar á norðursvæði með aðsetur í Ásbyrgi hefur verið staðfest af stjórn í tölvupósti. Stjórn ákveður að ráða Jóhönnu Katrínu Þórhallsdóttur í starf þjóðgarðsvarðar á norðursvæði með aðsetur í Mývatnssveit að loknu barnseignarleyfi. Framkvæmdastjóra falið að vinna starfslýsingu fyrir þjóðgarðsvörð á norðursvæði með aðsetur í Ásbyrgi m.t.t. tímabundinnar umsjónar með hálandi norðursvæðis. Jafnframt er framkvæmdastjóra falið að vinna drög að starfslýsingu miðað við tvo þjóðgarðsverði á norðursvæði. Drög að starfslýsingu verði lagðar fyrir næsta stjórnarfund.

### 7. Gestastofa á Kirkjubæjarklaustri. Formaður svæðisráðs á vestursvæði greindi frá fundi á vegum Skaftárhrepps og Framkvæmdasýslu ríkisins varðandi staðarval fyrir gestastofu á Kirkjubæjarklaustri. Svæðisráðið hefur sent inn umsögn til Skaftárhrepps sem fram kemur í fundargerð 39. fundar svæðisráðs vestursvæðis frá 5. apríl. Formaður svæðisráðs lagði áherslu á mikilvægi þess að sátt verði um staðsetningu gestastofu þjóðgarðsins heima fyrir.

### 8. Stjórnun og verndaráætlun. Stjórn ákveður að taka fyrir á næsta fundi drög að atvinnustefnu þjóðgarðsins og drög að skipulagsstefnu þjóðgarðsins. Framkvæmdastjóra falið að leita eftir kostnaðaráætlun við skipulagsstefnu sem hluta af Stjórnar- og verndaráætlun.

### 9. Skipulagsvinna í Vatnajökulsþjóðgarði.

Drög að deiliskipulagi fyrir Ásbyrgi. Afgreiðslu frestað til næsta fundar stjórnar.

### 10. Önnur mál

- Samstarf við Ferðafélag Íslands. Formaður lagði fram til kynningar bréf frá Ferðafélagi Íslands með hugmyndum að samstarfssamningi. Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að ganga til viðræðna við Ferðafélag Íslands á grunni umræðunnar á fundinum.
- Stjórn felur framkvæmdastjóra að leggja fram á næsta fundi tilboð í bráðabirgðahúsnæði fyrir landverði á hálandinu.
- UNESCO tilnefning. Sett hefur verið á fót þriggja manna nefnd sem í sitja formaður VJP, Ragnheiður Þórarinsdóttir og Sigurður Þránínsson. Varaformaður VJP mun vinna með nefndinni. Hlutverk nefndarinnar er að undirbúa tilnefningu garðsins. Stjórn heimilrar formanni að ráða verkefnisstjóra til þriggja mánaða á vegum Vatnajökulsþjóðgarðs til að vinna að tilnefningunni. Vinnan er kostuð af menntamálaráðuneytinu.
- Jökulsárlón á Breiðamerkursandi. Uppboðsferli mun hefjast fyrir jörðin Fell í Suðursveit þann 14. apríl. Stjórn telur æskilegt að hið opinbera skoði möguleika á að eignast jörðina Fell út frá náttúruverndarsjónarmiðum og hagsmunum þjóðgarðsins.
- Fulltrúi útivistarsamtaka gerði athugasemd vegna fundarþátttöku áheyrnarfulltrúa. Samkvæmt upplýsingum úr ráðuneyti hefur áheyrnarfulltrúi málfrelsi og tillögurétt á fundum stjórnar, nema stjórn ákveði annað.

## Vatnajökulsþjóðgarður – Fundargerð Stjórnar



- f. Fundargerðir stjórnar. Fulltrúi útvistarsamtaka gerði athugasemd við hversu seint fundargerðir stjórnar birtast á vef þjóðgarðsins.
- g. Fulltrúi útvistasamtaka spurðist fyrir um stöðu mála varðandi tilmæli fyrrverandi umhverfisráðherra sem hann setti fram við staðfestingu síðustu Stjórnar og verndaráætlunar um að skoða frekar ákvæði um Vonarskarð. Fulltrúi umhverfisverndarsamtaka spyr hvað stjórn hyggist gera varðandi það mál. Stjórn hyggst fara í skoðunarferð í Vonarskarð á komandi sumri.

Næsti fundur stjórnarfundur verður þriðjudaginn 3.máí 2016 í Reykjavík. .

Fundi slitið kl. 16:20

### **Verkefni ákveðin á fundinum:**

Dagsskrár liður nr.	Verkefni	Ábyrgð	Ljúkist fyrir
1			
2			
3			
4			
5			
6			